

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, skólasvæðið í Reykholti.

Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir leikskóla er færður lítillega til suðvesturs auk þess sem skilgreindir eru nákvæmari byggingarskilmálar. Heimilað er að byggja allt að 700 m² leikskóla á einni hæð, mænishæð allt að 6 m miðað við gólfkóta.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. nóvember 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. desember 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2017